

Nd.

253. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp er flutt af ríkisstjórninni. Í því er lagt til, að viðbótarsölu-skattur sá, 8% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu, 10%, sem lögfestur var á síðasta þingi „til bráðabirgða“ og gildir til næstu áramóta, skuli einnig gilda allt árið 1961. Var þó látið í veðri vaka á síðasta þingi, að viðbótarskattur þessi ætti aðeins að vera bráðabirgðatekjustofn fyrir ríkissjóð.

Eitt af stefnumálum núverandi stjórnarflokka er að hverfa frá beinum sköttum, en leggja á óbeina skatta í staðinn. Þess vegna samþykktu þeir lækkun á tekjuskatti á síðasta þingi, en lögðu á háan söluskatt. Þetta var mjög til hagsbóta fyrir þá einstaklinga, sem hafa óvenjulega háar tekjur, en til tjóns fyrir allan fjöldann.

Söluskatturinn er einn þátturinn í efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt fjárlögum er áætlað, að álagðir söluskattar nemi alls yfir 500 millj. kr. á næsta ári og þar af fari til ríkissjóðs 438 millj.

Í framsöguræðu um efnahagsmálafrumvarpið 5. febr. s. l. sagði forsætisráðherrann m. a.:

„— þá, sem líta bjargráðin eða tillögur okkar öðrum augum en við gerum, sem stöndum að þessu frumvarpi, biðjum við um að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm.“

Síðan ráðherrann flutti fram þessa bön, eru nú liðnir 10 mánuðir og 14 dagar. Allan þennan tíma hafa menn verið að taka á sig miklar og vaxandi byrðar vegna ráðstafana stjórnarvaldanna, án þess að gripið hafi verið til nokkurra mótaðgerða gegn ríkisstjórninni og hennar framferði. Stjórnin hefur því vissulega fengið umbeðinn frest „um nokkurt skeið“.

En að hvaða gagni hefur þetta komið? Hver er árangurinn af þeim miklu fórnnum, sem færðar hafa verið? Hvað er að segja um hinn „ólygna dóm“ reynslunnar? Hvernig er dómur hennar um stefnu og starf ríkisstjórnarinnar?

Í áðurnefndri framsöguræðu um efnahagsmálafrumvarpið 5. febr. sagði forsætisráðherrann:

„Það er óhætt að segja, að meginvandamálið, sem leysa þarf í efnahagsmálum Íslendinga nú, og um leið það, sem sízt verður umflúið, sé greiðsluhallinn gagnvart útlöndum.“

Með gengisbreytingunni og öðrum aðgerðum, er henni fylgdu, ætlaði stjórnin að ná jafnvægi í viðskiptum þjóðarinnar út á við.

Hvernig hefur þetta tekizt á því ári, sem nú er senn liðið?

Enn er ekki hægt að segja með vissu um niðurstöður á viðskiptareikningnum við aðrar þjóðir fyrir þetta ár. Á þeim reikningi eru allmargir liðir, bæði á tekna- og gjaldahliðinni. En langstærstu tölurnar á þeim reikningi eru andvirði seldrar og keyptrar vöru. Og hagstofan birtir mánaðarlega skýrslur um innflutning og útflutning. Á þessu ári hefur einnig verið birt í hagtiðindunum skýrsla um verðmæti innflutnings og útflutnings 1958—1960, með tölum fyrir tímabilið jan. 1958 til febr. 1960 umreiknuðum til samræmis við nügildandi gengi. Þennan umreikning þurfti að gera vegna gengisbreytingarinnar, til þess að tölurnar séu sambærilegar. Skýrslur eru nú komnar um innflutning og útflutning frá ársbyrjun til októberloka þ. á., og til samanburðar er inn- og útflutningur í sömu mánuðum 1958 og 1959, umreiknaður til samræmis við nügildandi gengi. Þær skýrslur sýna eftirfarandi:

*Jan.—okt. 1958:*

Innflutt .....	2420 millj. kr.
Útflutt .....	2013 — —

Halli 407 millj. kr.

*Jan.—okt. 1959:*

Innflutt .....	2530 millj. kr.
Útflutt .....	2010 — —

Halli 520 millj. kr.

*Jan.—okt. 1960:*

Innflutt .....	2490 millj. kr.
Útflutt .....	2027 — —

Halli 463 millj. kr.

Hér kemur fram, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið nokkru óhagstæðari fyrstu 10 mánuði þessa árs heldur en sömu mánuði árið 1958.

Eftir þessum tölum að dæma virðast litlar líkur benda til þess, að nokkuð hafi miðað í jafnvægisáttina í utanríkisviðskiptunum á þessu ári.

Efnahagslögin áttu líka að skapa útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll.

Hvernig eru horfur í því efni?

Hvað segja útvegsmenn um það?

Margir þeirra munu eiga í óvenjumiklum erfiðleikum um þessar mundir vegna halla á rekstrinum, sem m. a. stafar af ríkisstjórnarvöxtunum, en þeir liggja eins og mara á sjávarútveginum og öðrum atvinnurekstri.

Eitt af því, sem þjóðinni var sagt í ríkisútgáfunni, þ. e. bókinni, sem stjórnin nefndi Viðreisn, var það, að nú ætti að fara fram gagnger endurskoðun á fjármál-

um ríkissjóðs. Sú gagngera endurskoðun hefur birzt í 700 millj. kr. hækkun fjárlaganna á þeim 2 árum, sem liðin eru, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér stjórn landsins. Stærri hluti en áður af ríkistekjunum fer í rekstrarkostnað, en minna til uppbyggingar og stuðnings atvinnuvegunum. Eftir allar álögurnar, sem lögfestar voru í fyrra, hefði mátt vænta þess, að ríflegur greiðsluafgangur yrði hjá ríkissjóði á þessu ári. En nú segir ríkisstjórnin, að þess sé ekki að vænta. Ef svo reynist, hafa ráðstafanir hennar ekki orðið til hagsbóta fyrir ríkissjóðinn.

Aðaltilgangurinn með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í fyrra var, að sögn hennar sjálfrar, að koma á jafnvægi í utanríkisviðskiptunum og að koma atvinnurekstrinum á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hvorugt hefur tekizt, og ekki er hægt að sjá, að nokkuð hafi miðað í áttina að takmarkinu. Ekki verður stjórnarandstæðingum um þetta kennt, því að engar hindranir hafa þeir sett á veg ríkisstjórnarinnar.

Við framsóknarmenn teljum óheillavænlegt að taka aftur upp íhaldsstefnuna, sem brotin var á bak aftur í alþingiskosningum hér á landi fyrir 33 árum. Við beittum okkur því gegn stjórnarstefnunni á síðasta þingi. Hún er sízt álitlegri nú en hún var í fyrra, eftir þá reynslu, sem fengizt hefur á þessu ári. „Bráðabirgða“-söluskatturinn er einn þátturinn í efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar. Við greiddum atkvæði gegn honum á síðasta þingi. Ekki er hann frýnilegri nú, afturgenginn.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1960.

Skúli Guðmundsson.